

154. löggjafarþing 2023–2024.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um laga um breytingu lögum um Orkusjóð, nr. 76/2020 (Loftslags- og orkusjóður).

Frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- Í stað orðsins „Orkusjóður“ í 1. mgr. kemur: Loftslags- og orkusjóður.
- Heiti greinarinnar verður: Loftslags- og orkusjóður.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- Í stað orðsins „Orkusjóður“ í 1. og 2. mgr. greinarinnar kemur: Loftslags- og orkusjóður.
- Við bætist tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Loftslags- og orkusjóður skal enn fremur styðja við nýsköpunar- og innviðaverkefni sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, efla hringrásarhagkerfið, auka kolefnisbindingu fyrir utan skógrækt og landgræðslu og auka viðnámsþrótt gegn loftslagsvá.

Jafnframt er hlutverk Loftslags- og orkusjóðs að sjá um beinar stuðningsaðgerðir, svo sem styrki til kaupa á rafbílum og styrki til jarðhitaleitar, eftir atvikum hverju sinni.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- Í stað orðsins „Orkusjóður“ í 1., 2. og 3. mgr. greinarinnar kemur: Loftslags- og orkusjóður.
- Við 3. mgr. greinarinnar bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ákvarðanir sem teknar eru um að veita styrki úr Loftslags- og orkusjóði eru endanlegar á stjórnarsýslustigi.

4. gr.

Í stað orðsins „Orkusjóður“ hvívetna í 4.- 8. gr. laganna kemur: Loftslags- og orkusjóður.

5. gr.

Heiti laganna verður: Lög um Loftslags- og orkusjóð.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2024.

7. gr.

Breyting á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012: IX. kafli laganna fellur brott.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarpið var samið í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu. Með frumvarpinu er ætlunin að sameina tvo sjóði sem heyra undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, Orkusjóð og Loftslagssjóð, sem styrkja verkefni sem tengjast orkuskiptum og nýsköpun á sviði loftslagsmála. Þá munu styrkveitingar ráðuneytisins til verkefna á málaefnasviði ráðuneytisins og styrki til innleiðingar á hringrásarhagkerfinu falla undir nýjan sameinaðan sjóð sem lagt er til að muni bera nafnið Loftslags- og orkusjóður.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Samkvæmt stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar á Ísland að verða vagga nýrra lausna á grunni auðlinda, þekkingar og staðsetningar. Styðja á við græna atvinnuuppbyggingu og fjárfestingar ásamt því að greiða götu verkefna, m.a. á sviði föngunar, geymslu og förgunar kolefnis, uppbyggingu hringrásarhagkerfis með fjölnýtingu orkustrauma og orkuskipta.

Markmið með frumvarpinu er að einfalda og auka við styrkveitingar á sviði umhverfis-, orku- og loftslagsmála með það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Núverandi skipulag við styrkveitingar ráðuneytisins er óþarflega flókið og veldur aukakostnaði við umsýslu sjóða og fjármagns. Með frumvarpinu er hægt að setja enn skýrari áherslu á að verkefni sem styrkt eru stuðli að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda.

3. Meginefni frumvarpsins.

Með frumvarpinu er lagt til að sameina tvo sjóði sem heyra undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, Orkusjóð og Loftslagssjóð, sem styrkja verkefni sem tengjast orkuskiptum og nýsköpun á sviði loftslagsmála. Í frumvarpinu er lagt til að sameinaður sjóður muni bera heitið Loftslags- og orkusjóður. Hlutverk sjóðsins verður að styðja við nýsköpunar- og innviðaverkefni á sviði loftslagsmála, orkunýtingar og hringrásarhagkerfis, einkum til verkefna í tengslum við aðlögun og innleiðingu nýrra loftslagsvænna lausna.

Með frumvarpinu er lagt til að fella úr gildi IX. kafli laga um loftslagsmál, nr. 70/2012, sem fjallar um Loftslagssjóð.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið gefur ekki tilefni til að skoða samræmi við stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1994, og er það sett fram til að uppfylla þær skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist með aðild að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

5. Samráð.

Áform um lagasetningu og mat á áhrifum frumvarps til laga um breytingu á lögum um Orkusjóð fóru í samráðsgátt Stjórnarráðsins 16. desember 2022 (mál nr. 250/2022) og var umsagnarfræstur til 10. janúar 2023. Alls bárust 9 umsagnir um áformin um lagasetninguna frá Rannsóknamiðstöð Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Íslenskri nýorku, Landsvirkjun, Landvernd, Orkustofnun, Félagi kvenna í orkumálum og fulltrúum í stjórn Loftslagssjóðs.

Við undirbúning á frumvarpi þessu hefur verið höfð hliðsjón af framangreindum umsögnum sem bárust um áformin um lagasetninguna.

6. Mat á áhrifum.

Frumvarpið hefur almennt jákvæð áhrif á samfélagið þar sem veittir verða nýsköpunar- og innviðastyrkir sem stuðla að skilvirkari aðgerðum í loftslagsmálum og stuðla að orkuskiptum.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til breyting á heiti Orkusjóðs sem muni heita Loftslags- og orkusjóður. Þá er lagt til að heiti laganna verði breytt til samræmis við breytt heiti sjóðsins.

Um 2. gr.

Í greininni er fjallað um hlutverk Loftslags- og orkusjóðs en meginhlutverk sjóðsins verður að styðja við nýsköpunar- og innviðaverkefni á sviði loftslagsmála, orkunýtingar og hringrásarhagkerfis. Jafnframt er gert ráð fyrir að sjóðurinn sjái um beinar stuðningsaðgerðir, svo sem styrki til kaupa á rafbílum og styrki til jarðhitaleitar, eftir atvikum hverju sinni.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að kveða skýrar á um að ákvarðanir stjórnar Loftslags- og orkusjóðs um styrkveitingar séu endanlegar á stjórnarsýslustigi.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.